

SAMÞYKKT

fyrir Veidifélag Svalbarðsár.

1. gr.

Nafn félagsins er Veidifélag Svalbarðsár.

2. gr.

Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður þess er búsettur hverju sinni.

3. gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinna jarða og landareigna, sem land eiga að Svalbarðsá og þverám sem renna í hana svo langt sem þær teljast fiskgengar þær eru: Svalbarð, Svalbarðssel, Kúðá I, Kúðá II, Flautafell, Garður, Hagaland, Brekknakot, Sævarland I og Sævarland II.

Félagið starfar í eftirfarandi deildum sem hafa sjálfstæðan fjárhag, gera sér arðskrá og ráðstafa veiði á sínu félagssvæði:

Svalbarðsárdeild, kt. 650991-1259: Svalbarð, Svalbarðssel, Kúðá I, Kúðá II, Sævarland I, Sævarland II, Garður og Flautafell.

Tungárdeild: Garður, Hagaland, Brekknakot, Sævarland I og Sævarland II.

4. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Til að slík framkvæmd nái fram að ganga þarf atkvæði 2/3 fundarmanna sem aðild eiga að viðkomandi deild og skal geta þess í fundarboði að slík ákvörðun liggja fyrir fundinum. Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði þeirra sem getið er í 3. gr. Stjórnarmenn ganga úr stjórninni á víxl þannig að árlega er kosið um einn stjórnarmann.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli, eða ef hann hefur verið í stjórn í þrjú ár.

Kjósa skal tvo varamenn og tvo skoðunarmenn til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaður og annar skoðunarmaður gangi út annað árið og hinn hitt árið.

6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

7. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en

mál sem snertir hagsmuni tiltekings félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundum.

Stjórn félags skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin. Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðunin var tekin.

8. gr.

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skyllt er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundum.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt að hljóta samþykki 2/3 hluta allra atkvæðisbærra félagsmanna og breyting arðskrár að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna viðkomandi deildar. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði.

Ef lagðar eru fyrir félagsfund eftirfarandi ákvarðanir getur hver félagsmaður krafist þess að atkvæðagreiðsla fari fram samkvæmt 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði:

1. Að ráðast í framkvæmdir vegna starfsemi félagsins, sem hafa fjárútlát í för með sér er nema a.m.k. 25% af tekjum félags af veiði á því starfsári.
2. Ráðstöfun á veiði.

Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og gildir þá ein eing í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega enda sé þess getið í fundarboði. Á félagsfundum skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundum skulu skráð í fundargerðabók.

9. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. maí ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef ¼ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

Fiskistofu, 22. janúar 2010.

Árni Ísaksson,
forstöðumaður lax- og silungsveiðisviðs.